

Hrossasýn- ingar raskast

● Hósti í hrossum breiðist út ● Alvar-
legri veirusýking en talið var í fyrstu

RÖSKUN hefur orðið á undirbúningi landsmóts hestamanna í sumar vegna smitandi hósta í hrossum sem grass-
erar nú í hesthúsum. Sigríður Björns-
dóttir, dýralæknir hrossasjúkdóma,
ráðleggur hestamönnum eindregið að
hvíla veik hross og segir að ekki megi
mæta með þau á sýningar eða í
keppni.

Ekki hefur tekist að greina sjúk-
dóminn. Sigríður segir að þetta virð-
ist nýr veirusjúkdómur hér á landi því
lítill mótstaða sé gegn honum. Gjarn-
an fylgja bakteríusýkingar í kjölfarið
og geta hrossin þá fengið hita og
graftarkenndan hor í nos.

Hestarnir þurfa hvíld

„Vandinn liggur í því hvað hrossin
eru lengi að jafna sig og raunar ekki
útséð með það hversu lengi þau eru að
ná sér alveg,“ segir Sigríður.

Hún segir að reynslan sýni að
hrossin þurfi að fá hvíld meðan sjúk-
dómurinn gangi yfir. Ef menn byrji of
snemma að ríða út geti hrossunum



Sigríður
Björnsdóttir

slegið niður.
„Hestamenn
verða að taka
þetta alvarlega.
Við erum smám
saman að sjá að
raunveruleikinn
er verri en við
héldum í upphafi.“

Helsta hátíð
hestamanna nálg-
ast óðfluga, lands-

mót hestamanna, sem haldið verður í
Skagafirði í lok júní. Kynbótasýning-
ar eru hafnar en reikna má með mikl-
um afskráningum. Þá eru forkeppnir
hestamannafélaga að nálgast. Sigríð-
ur segir mikilvægt að undirbúningur
verði skipulagður þannig að mönnum
gefist kostur á að sýna hross sín fyrir
þetta mikilvæga mót. Hún reiknar
með því að mikið álag verði á síðustu
sýningunum. Hóstiinn hefur valdið
vandræðum víðar, t.d. við verkefni í
hestafræðideild Háskólans á Hólum
og á tanningastöðvum. helgi@mbl.is